

Ed.

355. Nefndarálit

um frv. til laga um einkaleyfi fyrir firmað Ölgerðina Egil Skallagrímsson h/f, Reykjavík, til þess að búa til og selja áfengt öl til útflutnings.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Ég get ekki mælt með þessu frv. Þar eð ég lit svo á, að allur tilbúningur áfengra drykkja, hverju nafni sem nefnist, sé skaðvænn, og að áfengisnautn leiði meira og minna bøl og tjón yfir einstaklinga og þjóðir, þá tel ég skylt að forðast allt, sem veldur aukningu áfengis í heiminum, og að algert afnám þess sé það takmark, sem siðlátum þjóðum beri að keppa að. Fyrir því get ég hvorki né vil ljá lið mitt til þess að styðja þá framleiðslu á áfengu öli, sem frv. fjallar um, og engu fremur fyrir það, þótt neyzlan sé öðrum þjóðum ætluð.

Alþingi, 7. des. 1933.

Guðrún Lárusdóttir.